

REGLUGERÐ

um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

1. gr.

Daggjöld.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar samanber og lög um málefni aldraðra hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið að daggjöld skuli vera sem hér segir frá 1. janúar 2002.

A. Hjúkrunarheimili

Viðf.	Hjúkrunarheimili	Rekstrardaggjald kr.
1.11	Seljahlíð, Reykjavík	11.530
1.15	Dalbær, Dalvík	10.594
1.19	Hjallatún, Vík	10.251
1.21	Höfði, Akranesi	10.919
1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	10.398
1.25	Barmahlíð, Reykhólum	10.977
1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	10.667
1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	10.105
1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	10.292
1.35	Jaðar, Ólafsvík	10.105
1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	10.553
1.41	Hrafnista, Reykjavík	11.196
1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	11.255
1.45	Grund, Reykjavík	10.800
1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10.548
1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	10.968
1.81	Holtsbúð, Garðabæ	10.889
1.83	Uppsálar, Fáskrúðsfirði	10.738
	Grenilundur, Grenivík	10.687

Daggjöld falla ekki niður hjá stofnunum vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala háskólasjúkrahús. Landspítala háskólasjúkrahúsi ber að greiða kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða ber 746 kr. á dag til viðbótar daggjaldataxta stofnunar fyrir hvern nýrnasjúkling sem dvelst á daggjaldastofnun og þarf að fara í blóðskilun á Landspítala.

B. Daggjöld á öðrum sjúkrahúsum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Viðf.		Rekstrardaggjald kr.
1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði geðrými	7.000
1.51	Fellsendi, Búðardal	6.962
1.55	D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	6.507

Viðf.		Rekstrardaggjald kr.
1.63	Hlíðabær, Reykjavík	6.802
1.65	Lindargata, Reykjavík	6.802
1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	6.340
1.69	Múlabær, Reykjavík	4.201
1.85	Fríðuhús, Reykjavík	6.802

2. gr.

Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 3. gr. reglugerðar um dagvist aldraðra nr. 45/1990 hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið eftirfarandi gjöld:

	kr.
1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða	4.515
2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða	3.100

Innifalið í dagvistunargjaldinu er flutningskostnaður vistmanna ef með þarf. Samkvæmt 19. gr. laga um málefni aldraðra, greiða vistmenn sjálfir kr. 500 á dag af dagvistunargjaldinu.

Innifalið í daggjöldum skv. auglýsingu þessari er hvers konar þjónusta, sem innlögðum vistmönnum er látin í té á sjúkrastofnunum.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma auglýsing nr. 123/2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. febrúar 2002.

Jón Kristjánsson.

David Á. Gunnarsson.